

Fundargerð stjórnar

66. fundur stjórnar Brunavarna Árnassýslu (BÁ) haldinn miðvikudaginn 03. nóvember, 2005 að Austurvegi 56, Selfossi. (SASS-húsið III hæð)

Mætt: Einar G. Njálsson, formaður, Margrét Sigurðardóttir og Snæbjörn Sigurðsson.

Einnig mætti á fundinn: Björgvin Guðmundsson, frá KPMG og Kristján Einarsson, slökkviliðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 12.00

Efni fundarins var eftirfarandi:

1. **Reikningur fyrir árið 2004**

Ársreikningur fyrir árið 2004 lagður fram

Fulltrúi frá KPMG og slökkviliðsstjóri fóru yfir helstu staðreyndir reikningsins en þar kemur meðal annars fram skv. eftirfarandi:

Rekstrarreikningur:

Rekstrartekjur 43.461.967 kr.

Rekstrarkostnaður 45.409.123 kr.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld nettó - 715.701 kr.

Rekstrarniðurstaða neikvæð -2.662.857 kr.

Efnahagsreikningur:

Fastafjármunir 24.226.914 kr.

Veltufjármunir 13.080.754 kr.

Eignir samtals 37.307.668 kr.

Eigið fé 11.259.503 kr.

Lífeyrisskuldbindingar 17.221.808 kr.

Langtímaskuldir 3.427.468 kr.

Skammtímaskuldir 5.398.889 kr.

Eigið fé og skuldir samtals 37.307.668 kr.

Yfirlit um sjóðstreymi:

Handbært fé frá rekstri 5.689.014 kr.

Fjármögnunarhreyfingar - 1.691.505 kr.

Hækkun á handbæru fé 3.997.509 kr.

Handbært fé í árslok 10.196.625 kr.

Stjórnin samþykkir fyrirbyggjandi ársreikning og vísar honum til fulltrúaráðs.

2. **Húsnæðismál BÁ og tillaga fjárhagsáætlun fyrir árið 2006**

Húsnæðismál BÁ rædd í ljósi þeirra umræðna sem fram hafa farið á síðustu vikum þar sem tveir kostir eru til umræðu, leiga á SBS-húsinu eða samstarf með Björgunarfélagi Árborgar í nýju húsi við lögreglustöðina á Selfossi.

Formaður greindi frá umræðum sem fram fóru meðal forráðamanna sveitarfélagsins Árborgar um staðsetningu slökkvistöðvar.

Einnig greindi hann frá nýju tilboði frá fasteignafyrirtækinu Árfoss sem býður BÁ leigu í húsnæði að Austurvegi 69a, þar hyggst fyrirtækið reisa u.þ.b. 2000 m² hús. Umræður urðu um þá kosti sem lágu fyrir.

Samþykkt var að tilkynna eigendum SBS-hússins að um leigu á þeirra húsnæði væri ekki að ræða að þessu sinni.

Einnig samþykkt að leiða umræðuna um húsnæðismálin og fjárhagsáætlun fyrir árið 2006 inná fulltrúaráðfund BÁ til frekari afgreiðslu.

3. **Önnur mál**

Samþykkt hreppsnefndar Skeiða- og Gnúpverjahrepps dags. 2. nóvember 2005 um samstarf brunavarna varðandi Gnúpverjahluta sveitarfélagsins.

Fyrir fundinum lág bréf frá sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps dags. 2. nóvember 2005 þess efni að samþykkt hafi verið gerð um að ganga til samstarfs um rekstur brunavarna á svæði Gnúpverjahrepps frá og með næstu áramótum.

Málinu vísað til fulltrúaráðsfundar sem haldinn verður að stjórnarfundum loknum.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 13.25

Einar G. Njálsson Margrét Sigurðardóttir
Snæbjörn Sigurðsson Kristján Einarsson